

**6 classes 9000isk
or 2000isk per 1 Class
@ IMS, Reykjahlíð**



**LEAVE IT ALL ON
THE DANCE FLOOR**

Zumba® with Valērija

Wednesdays @ 17:45-18:30

Frá Velferðasjóði Þingeyinga

Velferðasjóður Þingeyinga vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er óm-
etanlegur! Nú á tímum hækkandi verðbólgu þrengist í búi hjá mörgum. Við treystum á ykkur vini okkar að leggja okkur lið til að hjálpa!

Við söfnum umsóknum um aðstoð hjá sjóðnum saman fram til **20.** hvers mánaðar og er úthlutað eftir það. Allir sem búa í Þingeyjar-
sýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum. Umsóknir berist til: rkhusavik@simnet.is

Allt fé sem inn kemur rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði. Bankareikningur okkar er 1110-05-402610 Kt. 600410-0670

Bestu haustkveðjur og fyrirfram þakklaeti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Stjórnin

33.tbl.

21.sept. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

RAUNFÆRNIMAT Leikskólaliði Stuðningsfulltrúi

Að ljúka raunfærnimati getur:

Stytt nám á tilteknum brautum

Styrkt stöðu þína á
vinnumarkaði

Aukið sjálfstraust í nám
að nýju

Sýnt fram á starfshæfni
á vinnustað

Hentar fyrir þá sem eru:
23 ára eða eldri

Hafa a.m.k. 3 ára
starfsreynslu




Þekkingarnet
Þingeyinga

Fyrir frekari upplýsingar
er hægt að hafa samband á
hac@hac.is eða í síma 464-5100



Fundargerð

5. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Skjólbrekku, miðvikudaginn 17. ágúst 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófusdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Helgi Héðinsson, Eyþór Kári Ingólfsson og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, Verkefnastjóri sveitarstjórnar.

Dagskrá:

1. **Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir - 2206018**

Snorri Már Snorrason, sem skipaður var fjallskilastjóri Reykdæladeildar á síðasta sveitarstjórnarfundum, hefur beðið undan hlutverkinu. Hermann Aðalsteinsson í Lyngbrekku hefur lýst sig reiðubúinn til að taka það að sér í hans stað.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa Hermann Aðalsteinsson fjallskilastjóra Reykdæladeildar. Samþykkt

2. **Samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Skútustaða hrepps og Þingeyjarsveitar - 2206003**

Innviðaráðuneyti hefur yfirfarið drög að samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar þann 22. júní sl. Lagt fram skjal með athugasemdum ráðuneytisins og tillögum að viðbrögðum við þeim. Í erindi ráðuneytisins kemur fram að ekki hefur enn verið tekin afstaða til þess hvort veigamiklar ástæður mæli með því að fallið verði frá fyrri samþykkt, sbr. bráðabirgðarákvæði samþykktar nr. 327/2022.

Sveitarstjórn samþykkir breytingarnar með fimm atkvæðum E-lista. Fulltrúar K-lista sitja hjá. Samþykkt

Jón Hrói vék af fundi kl. 13:11

3. **Ráðning í stöðu sviðsstjóra stjórnsýslusviðs - 2208029**

Staða sviðsstjóra stjórnsýslusviðs var auglýst með umsóknarfresti til 15. ágúst sl. sbr. meðfylgjandi auglýsingu. 10 umsóknir bárust um stöðuna. Lagt er til að sveitarstjórn feli einum fulltrúa af hvorum lista að sitja viðtöl við þá umsækjendur sem helst þykja koma til greina með ráðningarráðgjafa.

Sveitarstjórn felur Eygló Sófusdóttur og Helga Héðinssyni að sitja viðtöl við þá umsækjendur sem boðaðir verða í viðtöl fyrir hönd sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Samþykkt

Jón Hrói kom aftur til fundar kl. 13:21

4. **Samkeppni um byggðarmerki fyrir nýtt sveitarfélag - 2208030**

Lagt er til að haldin verði samkeppni um byggðarmerki sameinaðs sveitarfélags.

Umræður um fyrirkomulag samkeppninnar, verðlaun, dómnefnd o.þ.h.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda samkeppni um byggðarmerki sveitarfélagsins og felur verkefnastjóra að gera tillögu að reglum og framkvæmd sam-

keppninnar með hliðsjón af samkeppni sem haldin var í Múlaþingi árið 2020.

Samþykkt

5. Minnisblöð undirbúningsstjórnar - 2208007

Lögð fram minnisblöð starfshópa sem undirbúningsstjórn að sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar skipaði til að móta tillögur um starfsemi sameinaðs sveitarfélags.

Helgi fylgdi minnisblöðum úr hlaði og sagði frá helstu niðurstöðum starfshópanna. Minnisblöðin innihalda ábendingar og tillögur til nýrrar sveitarstjórnar varðandi verkefni sem leiða af sameiningu sveitarfélaganna. Minnisblöðunum fylgja ýmis ítagögn sem sveitarstjórn getur nýtt sér í þeim mikilvægu verkum sem framundan eru.

Gerður leggur til að skipuð verði fimm manna nefnd, nokkurs konar samráðsvettvang til þess að móta og koma í framkvæmd þeim verkefnum sem leiða af sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Nefndin mótar tillögur um úrlausn verkefna til sveitarstjórnar. Tillagan var samþykkt. Í nefndina voru skipuð Gerður, Knútur og Eygló fyrir E-lista og Helgi og Jóna Björg fyrir K-lista. Varamenn verða Anna Bragadóttir, Halldór og Eyþór fyrir E-lista og Árni Pétur og Ragnildur fyrir K-lista.

Gerði og Helga falið að leggja drög að erindisbréfi fyrir sveitarstjórn og boða til fyrsta fundar.

Ofangreint var samþykkt samhljóða. Samþykkt

6. Starfskjör kjörinna fulltrúa og nefndarmanna 2022-2026 - 2206020

Lögð fram tillaga að samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa og nefndarmanna Þingeyjarsveitar. Lagt er til að fjárhæðir taki breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu í janúar ár hvert.

Greinar 1-3 voru samþykktar samhljóða.

Helgi lagði til eftirfarandi breytingu á 4. grein: að í fyrstu málsgrein bætist „...og formenn nefnda...“ á eftir kjörnir fulltrúar. Tillagan var samþykkt samhljóða og greinin þannig breytt.

5. grein var samþykkt samhljóða.

Helgi lagði til eftirfarandi breytingu á 6. grein: Í stað setningarinnar „Hið sama gildir varamenn“ komi „varamenn í nefndum fá 35% af mánaðarlaunum sveitarstjórnarfulltrúa (47.250)“.

Eftir umræður var samþykkt að síðasta setning 7. greinar skuli vera: „Greiðsla miðast að hámarki við akstur frá lögheimili að fundarstað og til baka“.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða og greinin þannig breytt.

Helgi lagði til að á eftir „Aðalfulltrúar í sveitarstjórn...“ í upphafi 7 greinar komi „...og formenn nefnda...“ Tillagan var samþykkt samhljóða. Ragnildur lagði til að á undan orðinu "nefndarfunda" í 2. málsgrein 7. greinar komi orðið „boðaðra“. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Lagt var til að setningin „Greiðsla miðast við akstur frá heimili að fundarstað og til baka að frátöldum fyrstu 6 km hvora leið“ orðist „Greiðsla miðast að hámarki við akstur frá lögheimili að fundarstað og til baka“ og að síðasta setning greinarinnar falli út. Breytingarnar á 7. grein var samþykkt með 8 atkvæðum. Eyþór situr hjá.

8. grein var samþykkt samhljóða.

9. grein var samþykkt samhljóða.

10. grein var samþykkt samhljóða.

11. grein var samþykkt samhljóða.

13. grein var samþykkt samhljóða.

Lagt var til að í stað „ársþing SSNE“ í 14. grein komi „þing SSNE“

Samþykkt samhljóða og greinin þannig breytt.

15. grein var samþykkt samhljóða.

16. grein var samþykkt samhljóða.

Samþykktirnar, með áorðnum breytingum, voru um samþykktar samhljóða. Samþykkt

7. Erindisbréf atvinnu- og nýsköpunarnefndar - 2208025

Drög að erindisbréfi atvinnu- og nýsköpunarnefndar lögð fram til um ræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindisbréfinu til umsagnar at vinnu- og nýsköpunarnefndar. Samþykkt

8. Erindisbréf skipulagsnefndar - 2208028

Drög að erindisbréfi skipulagsnefndar lögð fram til umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindisbréfinu til umsagnar skipulagsnefndar, skipulagsfulltrúa og byggingar fulltrúa. Samþykkt

9. Erindisbréf fræðslu- og velferðarnefndar - 2208014

Drög að erindisbréfi fræðslu- og velferðarnefndar lögð fram til um ræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindisbréfinu til umsagnar fræðslu- og velferðarnefndar. Samþykkt

10. Erindisbréf íþróttá- og tómstundanefndar - 2208027

Drög að erindisbréfi íþróttá- og tómstundanefndar lögð fram til um ræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindisbréfinu til umsagnar íþróttá- og tómstundanefndar. Samþykkt

11. Erindisbréf umhverfisnefndar - 2208026

Drög að erindisbréfi umhverfisnefndar lögð fram til umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindisbréfinu til umsagnar umhverfisnefndar, skipulagsfulltrúa og umhverfisfulltrúa. Samþykkt

12. SSNE; Tilnefning fulltrúa í starfshóp um samgöngu- og innviðastefnu - 2202 026

Í erindi dagsettu þann 13. febrúar sl. óskaði Eyþjór Björnsson, þáverandi framkvæmdastjóri SSNE, eftir tilnefningu sameiginlegs fulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í starfshóp um samgöngu- og innviðastefnu SSNE. Í tölvupósti frá 29. júní sl. er óskað eftir tilnefningu nýs fulltrúa sameinaðs sveitarfélags í starfshópin eða staðfestingu á fyrri skipun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Jónu Björgu Hlöðversdóttur til áframhaldandi setu í starfshópnum fyrir sína hönd og Eyþór Kára Ingólfsson sem varamann hennar. Samþykkt

13. Skipun fulltrúa í fulltrúaráð Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. - 2208003

Samkvæmt samþykktum Leiguíbúða Þingeyjarsveitar er fulltrúaráð félagsins skipað þremur fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og einum fulltrúa sem tilnefndur er af leigjendum. Fulltrúaráð velur stjórn félagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Einar Örn Kristjánsson, Ósk Helgadóttur og Árna Pétur Hilmarsson (K-listi) sem fulltrúa sveitarstjórnar í fulltrúaráði Leiguíbúða

Þingeyjarsveitar hses. Samþykkt
Halldór Þorlákur vék af fundi kl. 14:41

14. Sala á landspildu úr jörð Kálfastrandar - 2207009

Áður á dagskrá 4. fundar sveitarstjórnar þann 6. júlí sl. Halldór Þorlákur Sigurðsson hefur óskað eftir að kaupa lóð út úr landi Kálfastrandar (1 eða 2). Lagt fram mat þriggja óháðra aðila á verðmæti eignarlóðar sbr. samkomulag aðila um það hvernig standa skuli að verðlagningu, ásamt minnisblaði Tryggva Þórhallsssonar og tölvupósti lögmanns fyrirhugaðs kaupanda.

Sveitarstjórn telur ekki forsendur til að taka afstöðu til sölu lóðar úr landi Kálfastrandar fyrr en stefna sveitarfélagsins um nýtingu jarðarinnar liggur fyrir. Afgreiðslu erindisins er því frestað þar til hún liggur fyrir.

Samþykkt með átta atkvæðum. Frestað
Halldór Þorlákur kom aftur til fundar kl. 14:55

15. Fyrirspurn um kaup á Búðinni við brúna - 2208002

Í erindi frá 12. júlí sl. lýsir Valdimar Geir Halldórsson áhuga á að kaupa hús í eigu Þingeyjarsveitar í Vaglaskógi sem þekkt er undir nafninu „Búðin við brúna“ (fastanr. 216-1777). Áður hefur borist erindi sama efnis frá Geir Hólmarssyni en afgreiðslu þess var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 22. júní sl.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna erindinu. Sveitarstjórn felur verk-efnastjóra að kanna afstöðu landeiganda og annarra hagsmunaaðila til framtíðar hússins. Hafnað

16. Beiðni um viðræður vegna lóðar við Illugastaði - 2205002

Tekið fyrir erindi dags. 28.apríl 2022 frá Aðgeiri Erni Blöndal, lögmanni f.h. Alþýðusambands Norðurlands þar sem óskað er eftir viðræðum við Þingeyjarsveit um framtíðar fyrirkomulag lóðar sveitarfélagsins við Illugastaði, L190230 Illugastaðir land.

Lóðin er 2,2ha og er utan um Illugastaðarétt. Lóðin er norðan við heimreiðina að orlofsbyggðinni við Illugastaði.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að umrædd lóð verði hluti af eignarlandi þeirra og/ eða að þau fái hana til fullra umráða til framtíðar til að tefla ekki í voða framtíðarnýtingu jarðarinnar og möguleikum Alþýðusambandsins til frekari uppbyggingar á orlofsbyggðinni. Óskað er eftir viðræðum um lausn þessa máls, og sérstaklega er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess að Alþýðusambandið kaupi lóðina af sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða að loka fundi vegna málsins. Afgreiðslu frestað.

17. Ósk um leikskólavist barns utan lögheimils - 2208018

Óskað er eftir tímabundinni leikskólavist fram að áramótum fyrir barn fætt í apríl 2019 sem er með lögheimili í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum frá skólustjóra Þingeyjarskóla er pláss á leikskóladeildum skólans fyrir barnið og krefst leikskólavistin því ekki viðbótarstöðugilda.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við beiðninni til áramóta, enda er beiðnin tímabundin og svigrúm til staðar í viðkomandi leikskóladeild.

Jóna Björg vék af fundi kl. 15:33

18. Réttartorfa - úthlutun lóðar - 2202033

Tekið fyrir erindi varðandi stofnun og úthlutun lóðarinnar Réttartorfu í þjóðlendunni L232633 Selland innan Þingeyjarsveitar.

1) Umsókn um stofnun lóðarinnar barst 24.2.2022 og var tekin fyrir af skipulags- og umhverfisnefnd þann 3.3.2022. Á þeim fundi var byggingarfulltrúa falið að senda

beiðni til Forsætisráðuneytisins um stofnun lóðarinnar sem yrði svo tekin fyrir aftur að lokinni afgreiðslu ráðuneytisins. Ráðuneytið sendi inn eyðublað F550, og lóðablað var unnið.

2) Þar sem þjóðlendur eru land í eigu Ríkissjóðs Íslands, en nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar skv. 3 mgr. 3 gr. laga nr. 58/1998 er úthlutun lóðarinnar hér með lögð fyrir sveitarstjórn. Þar sem áætluð notkun er til meira en 1 árs þarf einnig samþykki ráðherra fyrir nýtingunni. Lóðin var auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og í Hlaupastelpunni frá 12. júlí 2022 og var umsóknarfrestur til 8. ágúst 2022. Ein umsókn barst um lóðina, frá þeim aðilum sem eru í dag eigendur skálans á lóðinni.

1) Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar í samræmi við fyrirliggjandi gögn og felur byggingarfulltrúa málsmeðferð hennar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um. Samþykkt samhljóða.

2) Sveitarstjórn samþykkir að ferðaklúbbnum 4x4 Eyjafjarðardeild verði úthlutað lóðin Réttartorfa þegar hún hefur verið stofnuð, og að starfsmönnum verði falið að vinna lóðarleigusamning vegna hennar og klára gerð grunnsamkomulags vegna lóðarinnar með Forsætisráðuneytinu.

Samþykkt samhljóða. Samþykkt

19. Skýrsla verkefnastjóra - 2208031

Verkefnastjóri sagði frá starfsemi sveitarfélagsins undanfarnar vikur.

Sveitarstjórn vill koma á framfæri þökkum til starfsfólks sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf við erfiðar aðstæður á liðnum mánuðum. Samþykkt

20. Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra- Fundargerðir - 2011026

Fundargerðir 224. og 225. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra lagðar fram til kynningar. Lagt fram

21. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 1611015

Fundargerð 911. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar. Lagt fram

22. Aðalfundur Greiðrar leiðar 2022 - 2208001

Fundargerð aðalfundar Greiðrar leiðar ehf. lögð fram til kynningar, ásamt ársreikningi félagsins fyrir árið 2021. Lagt fram

23. Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar hses. - fundargerðir - 2208004

Fundargerð stjórnar Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. frá 5. ágúst 2022 lögð fram til kynningar. Lagt fram

24. Ályktun Framsýnar um Vegamál - 2208036

Framsýn stéttarfélag hefur sent frá sér eftirfarandi ályktun um vegamál í Þingeyjarsveit: „Framsýn stéttarfélag lýsir yfir þungum áhyggjum af slæmu ástandi malarvega í Þingeyjarsveit.

Víða í Þingeyjarsýslum hefur verið unnið að endurbótum og slitlagsviðgerðum á þjóðvegum með bundnu slitlagi. Að sama skapi hefur ríkisvaldið ekki lagt nægjanlegt fjármagn í uppbyggingu malarvega á svæðinu sem margir hverjir bera töluverða umferð. Vegi sem teljast ekki lengur boðlegir, hvorki fyrir íbúa sveitarfélagsins sem margir hverjir aka um þá daglega til að sækja vinnu og/eða aðra þjónustu, né heldur stórauðna umferð ferðamanna sem þekkja ekki til íslenskra malarvega.

Margir þessara vega eru slysa-gildirur og hreinlega tímaspursmál hvenær stórslys hlýst af ástandi þeirra. Má þar til dæmis nefna þjóðveginn um Bárðardal, en fram

dalinn liggur fjölfarin leið um Sprengisand og Þjóðveg 835, Fnjóskadalsveg eystri, sem er hluti Norðurstrandarleiðar (Arctic Coast Way) og opnaður var með viðhöfn og borðaklippingum árið 2019.

Þó endurbætur og viðhald vega með bundnu slitlagi séu af hinu góða má ekki gleymast að sinna viðhaldi malarvega meðan þeir eru til staðar, þannig að sú fjárfesting skili arðsemi; geti þjónað hlutverki sínu og tryggt öryggi vegfarenda. Markmið stjórnvalda á að vera að tryggja að þessir vegir sem aðrir séu boðlegir fólki sem um þá ekur. Þannig er jafnframt hægt að koma í veg fyrir verulegt eignatjón sem vegfarendur hafa orðið fyrir og þurft að bera sjálfir.

Framsýn stéttarfélag skorar á fjárveitingavaldið og yfirvöld samgöngumála að auka fjárveitingu til malarvega í Þingeyjarsveit og bæta þjónustu við þá".

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur heilshugar undir ályktun stjórnar Framsýnar og skorar á innviðaráðherra að beita sér fyrir löngu tímabærum úrbótum í vega-haldi í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða. Samþykkt

25. Lóðastofnun - viðbót við Hamraborg úr landi Lautu - 2105007

Tekið á dagskrá með afbrigðum.

Á fundi sveitarstjórnar þann 6. maí 2021 var tekið fyrir erindi frá Baldvini Áslaugs-syni, dags. 5.05.2021 þar sem hann óskar eftir stækkun lóðar við Hamraborg til kaups. Fyrirhuguð lóðarstækkunin er úr landi Lautu. Afgreiðslu málsins var frestað á 299. fundi sveitarstórnar þann 20. maí 2022 þar til staðfesting nágranna á landamerkjum lægju fyrir. Sú staðfesting liggur nú fyrir og því forsendur til að samþykkja lóðarstofnunina sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun lóðarinnar samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Fundi slitið kl. 16:00.

Umsjónarmaður félagsstarfs eldri borgara



Laust til umsóknar 50% staða umsjónarmanns félagsstarfs eldri borgara í Þingeyjarsveit. Í starfinu felst skipulag og umsjón á samverustundum í sveitarfélaginu. Samverustundir eru tvisvar í viku annarsvegar í Mývatns-sveit og hins vegar í Þingeyjarskóla, Stórutjarnaskóla og Breiðumýri til skiptis.

Einnig er laust til umsóknar 20-25% staða til aðstoðar við félagsstarfið í Þingeyjarskóla, Stórutjarnaskóla og Breiðumýri, einn dag í viku, á þriðju-dögum eftir hádegi.

Allar frekari upplýsingar er hægt að nálgast á skrifstofum sveitarfélagsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 30. september

Sveitungar góðir!

Vegna villandi fréttáflutnings og bókunar K-lista á síðasta sveitarstjórnarfundi um ráðningu sveitarstjóra, viljum við koma eftirfarandi á framfæri.

Það er rétt að ekki var haft samband við K-lista við gerð auglýsingar þegar auglýst var eftir sviðsstjóra stjórnsýslusviðs enda var um að ræða hefðbundna auglýsingu með hefðbundnum starfslýsingum og hæfniskröfum.

Það er rangt að ekkert samráð hafi verið haft við K-lista í ráðningarferlinu þar sem Helgi Héðinsson, f.h. K-lista og Eygló Sófudóttir, f.h. E-lista sátu með ráðgjöfum Hagvangs í fyrstu umferð ráðningaviðtala samanber bókun sveitarstjórnarfundar 17/8/22.

Fimmtudaginn 18/8/22 voru viðtöl tekin við fimm umsækjendur, þau viðtöl sátu Eygló Sófudóttir, Helgi Héðinsson ásamt ráðgjafa Hagvangs sem stýrði viðtölum. Umsækjendur voru valdir út frá hæfniskröfum sem fram komu í auglýsingu um starfið með aðstoð Hagvangs. Eftir þau viðtöl var það samdóma álit viðstaddra að bjóða þremur hæfum umsækjendum í framhaldssviðtal. Það var rætt frekar á fundi, föstudaginn 19/8/22, þar voru Eygló Sófudóttir, Helgi Héðinsson, Gerður Sigtryggsdóttir ásamt ráðgjafa Hagvangs. Mánudaginn 22/8/22 fengu allir sveitarstjórnarfulltrúar tækifæri til að sitja næstu umferð þar sem umsækjendur sátu fyrir svörum í Skjólbrekkunni.

Fimmtudaginn 25/8/22 var haldinn fundur með ráðgjafa Hagvangs þar sem farið var yfir hæfni, reynslu og viðhorf umsækjenda en á þeim fundi voru Eygló Sófudóttir, Gerður Sigtryggsdóttir og Helgi Héðinsson.

Daginn eftir, 26/8/22, var svo haldinn vinnufundur hjá sveitarstjórn þar sem kannaður var hugur alls sveitarstjórnarfólks. Óskandi hefði verið að full sátt hefði verið með valið, en það náðist ekki eins og gengur enda eru áherslur minni- og meirihluta ólíkar.

Meirihluti E-listans mat Jón Hróa Finnsson hæfastan út frá menntun, áralangri reynslu af störfum fyrir sveitarstjórnir ásamt þekkingu hans á verkefnum hinnar nýju Þingeyjarsveitar.

Það skal tekið fram að valið var ekki auðvelt enda aðrir umsækjendur mjög hæfir og eftirsóknarverðir.

Það er líka rangt að enginn fulltrúi E-lista hafi komið að ferlinu öllu því það gerði oddviti svo sannarlega. Hins vegar er það trú E-listans að eftir því sem fleiri koma að ákvörðunum verði þær betri. Þess vegna nutum við faglegrar þekkingar Eyglóar í fyrstu viðtölum við umsækjendur.

Getgátur um að það hafi verið fyrirfram ákveðið hver fengi starfið eru varla svara-verðar og engan veginn í takti við þau vinnubrögð sem E-listinn hefur sett sér.

K-listinn telur að hæfasti umsækjandinn hafi ekki verið valinn. Það er hins vegar sannfæring E-lista að svo sé og eins og gengur og gerist þá eru áherslur mismunandi og er það vel. Hins vegar er það K-listanum til vansa að hafa greitt atkvæði gegn ráðningunni, flestir hefðu settið hjá.

E-listinn

HULDA

náttúruhugvísindasetur

MÁLÞING 30. SEPTEMBER - 1. OKTÓBER

Skjólbrekku, Mývatnssveit. Fundarstjóri Eygló Sófúsdóttir
STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS
SVARTÁRKOT MENNING NÁTTÚRA
ÞINGEYJARSVEIT

Málþingið er til að kynna fyrirhugaða stofnun á nýju háskólasetri í Þingeyjarsveit sem og að kynna hvað náttúruhugvísindi fela í sér. Einnig eru kynnar rannsóknir sem hafa verið og eru stundaðar á svæðinu.

Dagskráin er opin öllum og eru íbúar Þingeyjarsveitar sérstaklega hvattir til að mæta.

Hægt er að taka þátt í hluta málþingsins eða öllu.

Hádegisverðir og rútuferðir eru ókeypis fyrir þátttakendur en skrá þarf þátttöku fyrir 26. september.

Einnig þarf að skrá þátttöku í kvöldverð í Kiðagili á föstudagskvöld, verð á kvöldverði 5.500,-

Kvölddagskrá verður á föstudagskvöldið í Kiðagili með léttum veitingum. Barinn verður opin.

Skráning fer fram netinu: <https://forms.gle/qz2zv32YzaRiJ5xh9>
eða í síma 4643322.

Nánari upplýsingar gudrunhlini@gmail.com



Föstudagur 30. september

10:00 Húsið opnar
10:20 Setning og ávarp

Hvað eru náttúrhugvísindi og hver er HULDA?

Náttúra og lífræn handritamenning - *Viðar Hreinsson*

HULDA kynnt til sögunnar:

Nýtt rannsóknasetur í Þingeyjarsveit

- *Sæunn Stefánsdóttir og Ásta Kristín Benediksdóttir*

11:40-12:40 Hádegishlé

Hvað er allt þetta fólk eiginlega að gera?

Mixing Water and Fire: Environmental and Historical perspectives on
the Mývatn Region of Iceland - *Astrid E. J. Ogilvie*

Hinsegin sögumolar leynast víða - *Hafdís Erla Hafsteinsdóttir*

Heimavirkjanir - *Jónas Sigurðarson*

Tækifæri í menningarminjum á NA- landi - *Sædís Gunnarsdóttir*

Samspil manns og náttúru í Mývatnssveit 1700-2022

- *Ragnhildur Sigurðardóttir*

Brú - tenging milli akademíu og heimamanna - *Guðrún Tryggvadóttir*


15:30 Skoðunarferð að Aldeyjarfossi

19:00 Kvöldmatur í Kiðagili

20:30 Kvölddagskrá í Kiðagili

Hér gefst öllum áhugasömum færi á að kynna sér verkefnið og ræða málin. Meðal annars verða örkyrningar frá deginum. Rúta verður í boði aftur að Skjólbrekku að kvölddagskrá lokinni.

Framhald



Laugardagur 1. október

9:30 Húsið opnar
10:00 Ávarp og örstutt upprifjun

Er þetta ekki bara eitthvað bréfsnifsi?

Háaloft og kjallarar - *Ragnhildur Sigurðardóttir*
Stór saga í lítilli öskju- *um óvæntar gersemar á héraðsskjalasöfnum*
- *Ásta Kristín Benediktsdóttir*
Mývatn: lífríki í mótun - *Árni Einarsson*

11:40-12:40 Hádegishlé

Hvað er að fréttu frá fornöld?

Learning from Viking Garbage - *Thomas McGovern*
Óbyggðirnar kalla- Hálendisbyggð á Krókdal á 10. öld - *Orri Vésteins-
son*
Leynardómur Flateyjar á Skjálfanda - *Adolf Friðriksson*
Expanding Archaeologies of environments and economies in Mý-
vatnssveit - *Megan Hicks*
Forngarðarnir miklu á Íslandi - *Árni Einarsson*

Hvert viljum við stefna?

15:30-16:55 Umræðuhópar og kynningar á niðurstöðum
17:00 Þingslit